

REGLUR
ÍÞRÓTTARÁÐS KÓPAVOGS VEGNA AÐSTÖÐU TIL
ÆFINGA OG KEPPNI Í ÍÞRÓTTAMANNVIRKJUM
Í EIGU KÓPAVOGSBÆJAR

1. gr.

Markmið

Aðalmarkmiðið með reglum þessum er að kostnaður vegna aðstöðu til íþróttaiðkunar barna og unglinga verði ekki að öllu leyti borinn af þeim eða fjölskyldum þeirra. Jafnframt er það markmið með úthlutun á aðstöðu að styðja við afreksíþróttir hjá íþróttafélögum í Kópavogi. Auk þess er markmið með reglum þessum að raunverulegur kostnaður vegna þeirra íþróttamannvirkja sem Íþróttaráð Kópavogs úthlutar samkvæmt reglum þessum verði sýnilegur í rekstri þeirra sem nýta mannvirkin.

2. gr.

Styrkhæfni

Úthlutun á aðstöðu nær til íþróttafélaga, sem eru fullgildir aðilar að samráðsvettvangi íþróttafélaga í Kópavogi, sem samþykktur hefur verið af íþróttaráði. Íþróttaráð Kópavogs úthlutar aðstöðu í íþróttamannvirkjum á vegum Kópavogsbæjar. Úthlutun miðast við notkun til íþróttæfinga og keppni hjá íþróttafélögum vegna:

- a) Æfinga barna og unglinga allt að 18 ára.
- b) Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er barna- og unglingatærf.
- c) Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum sem keppa í efstu deild viðkomandi íþróttagreina.
- d) Æfingar og keppni fyrir eldri borgara í hóp- og einstaklingsíþróttum.
- e) Önnur notkun sem fer fram samhliða og þeim sem lýst er í a) til og með d) liðar.

Eitt félag/deild í hverri íþróttagreini getur fengið úthlutað tímum til notkunar í hverju íþróttahverfi bæjarins. Íþróttahverfi eru skilgreind í samstarfssamningum Kópavogsbæjar og viðkomandi félaga.

Nýstofnað íþróttafélag eða deild getur fyrst átt kost á úthlutun á tímum eftir þriggja ára starf innan samráðsvettvangs íþróttafélaga í Kópavogi og eftir að hafa tekið þátt með virkum hætti í starfi viðkomandi sérsambands innan ÍSÍ í þrjú ár.

Úthlutun á tímum miðast við ákveðinn mínútuþjöld, fjölda þátttakenda (einstaklinga eða liða), í ákveðinni stærð rýmis miðað við aldur og er háð skilyrðum um lágmarks iðkendafjölda (sbr. fylgiskjal 1). Gæta skal jafnræðis milli kynja og hópa. Sé um takmarkað magn æfingátíma að ræða, mjög stóra hópa eða aðrar sérþarfir sem falla ekki undir almenn ákvæði þessara reglna hefur íþróttaráð heimild til að nota aðrar viðmiðanir við úthlutun.

Úthlutun tíma til æfinga og keppni á vegum sérsambanda í íþróttamannvirkjum í Kópavogi fara fram með eftirfarandi hætti:

1. Íþróttafélög geta gefið eftir sína æfingátíma fyrir landslið.
2. Íþróttaráð Kópavogs úthlutar til sérsambanda lausum tímum í mannvirkjum eftir því sem aðstæður leyfa.

3. gr. Úthlutunartímabil

Úthlutunartímabil eru þrjú:

1. haustönn (frá 1. september og út desember),
2. vorönn (frá 1. janúar og út maí) og
3. sumarönn (frá 1. júní og út ágúst).

Umfang úthlutunar miðast við fjárhagsramma hverju sinni og eru gefnar út í síðasta lagi:

1. Júní vegna haustannar,
2. 1. Október vegna vorannar og
3. 1. Mars vegna sumarannar.

Íþróttahús skóla í Kópavogi eru eingöngu opin yfir haust og vorönn nema í undantekningartilfellum. Sækja verður sérstaklega til íþróttaráðs Kópavogs um æfingar í íþróttamannvirkjum bæjarins á sumarönn. Í þeim tilfellum verða æfingar félaganna færðar saman í hús, þyki ástæða til þess.

Heimilt er að loka íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar kringum stórhátíðar og yfir sumartímann.

4. gr. Umsókn um aðgang að aðstöðu.

Íþróttafélög sem hafa fengið íþróttahús til umráða skv. rekstrarsamningum þurfa ekki að senda inn beiðni um úthlutun meðan samningarnir eru í gildi. Allt annað í reglunum á hins vegar við um þau. Umsóknir íþróttafélaga um aðgang að aðstöðu til æfinga skulu berast íþróttaráði fyrir

1. 1. apríl vegna haustannar,
2. 1. ágúst vegna vorannar og
3. 1. janúar vegna sumarannar.

Í umsókn komi fram eftirfarandi:

1. Áætlaður fjöldi flokka/hópa sem æfir. Sé æfingahópur skilgreindur á annan hátt en í reglugerð viðkomandi íþróttagreinar þurfa að fylgja nánari skýringar á samsetningu hópsins (aldur, getustig). Félagið skal einnig skila inn drögum að æfingatöflu yfir æfingar félagsins með sundurliður fyrir deildir og aldursflokka/hópa.
2. Áætlaður fjöldi iðkenda í hverjum flokk/hóp.
3. Áætlaður fjöldi liða sem taka þátt í mótum á vegum sérsambands viðkomandi íþróttagreinar.

Íþróttaráð úthlutar æfingatímum til félags í samræmi við tiltekinn mínútufjölda og rými á viku fyrir hvern aldursflokk/hóp (sjá fylgiskjal 1). Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi kemur til greina að fjölga tímum fyrir ákveðna flokka/hópa t.d. vegna mikils fjölda iðkenda.

Tveimur mánuðum fyrir hvert tímabil skal liggja fyrir yfirlit um staðfesta tíma að hálfu íþróttaráðs, rafi umsókn borist á réttum tíma.

Umsóknir sérsambanda vegna æfinga og keppni skulu berast íþróttaráði með góðum fyrirvara. Eftirfarandi vinnureglur skulu viðhafðar þegar óskað er eftir tímum til úthlutunar vegna sérsambanda:

1. Sérsamband kannar hvort lausir tímar séu fyrir hendi í mannvirki með því að hafa milliliðalaust samband við viðkomandi íþróttafélag sem nýtir það mannvirki sem um ræðir. Komist á samkomulag um nýtingu tíma hefur íþróttaráð ekki frekari afskipti af beiðni sérsambandsins.
2. Ljúki málinu ekki skv. 1. tl. getur sérsamband sótt um tímana til íþróttaráðs.
3. Eftir samráð við íþróttafélög sem hefur viðkomandi hús / tíma til umráð úthlutar íþróttaráð tímum til viðkomandi sérsambands.

Nýting sérsambanda skal meðhöndla með sama hætti og tilgreint er í 1. mgr. 7. gr.

5. gr.

Nýting tíma.

Að öllu jöfnu skal reynt að ná betri nýtingu á aðstöðu með því að skipta rými niður í minni hluta þar sem það er hægt. Félag ákveður slíka skiptingu (sbr. fylgiskjal 2) í samráði við íþróttaráð. Sameina skal æfingar fámennra flokka/hópa.

Á virkum dögum skulu æfingar almennt ekki hefjast eftir kl. 22.00, sérstaklega á þetta við um íþróttamannvirki skóla.

Íþróttafélagi ber að gæta þess að æfingartímar falli ekki niður og að fjöldi iðkenda hverju sinni sé í samræmi við lágmarkskröfur (sbr. fylgiskjal 1). Íþróttaráð Kópavogs áskilur sér rétt til að meta hvað er góð nýting miðað við aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig. Tímar sem ítrekað eru illa nýttir verður ráðstafað annað ef ekki eru á því haldbærar skýringar.

Ef félag missir æfingartíma sína vegna sérstakra ytri aðstæðna s.s. stórviðburða, framkvæmda eða skemmda á mannvirki, getur íþróttaráð Kópavogs í samráði við önnur félög úthlutað tímum þeirra til þess félags sem missir aðstöðu tímabundið.

6.

Skráning og eftirlit.

Fyrir hvert mannvirki skal fylla út mætingaskýrslur. Í mætingaskýrslu eru skráðar upplýsingar um iðkenda fjölda, flokk/hóp (aldur), kyn og tegund á notkun. Mikilvægt er að upplýsingar séu rétt færðar. Starfsmenn mannvirkja skulu fylla út skýrslu og taka niður fjölda iðkenda. Sé um að ræða breytingar á æfingatöflu, t.d. vegna keppni, skal koma fram skýring í mætingaskýrslu. Ennfremur skal í mætingaskýrslu skrá skýringar á ónýttum æfingartíma.

Afrit af mætingaskýrslum skulu berast íþróttaráði Kópavogs ársfjórðungslega og þá í síðasta lagi 5. virka dag næsta mánaðar eftir lok hvers ársfjórðungs, eða eins og hér segir;

1. fyrir 1 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. maí,
2. fyrir 2 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. ágúst,
3. fyrir 3 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. nóvember og
4. fyrir 4 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. febrúar.

Mætingaskýrslurnar eru forsendur úthlutunar á tímum í mannvirkjum Kópavogs. Einnig ber félagi að skila inn til Íþróttaráðs breytingum á æfingatöflum um leið og þær eiga sér stað.

Ófullnægjandi skil á mætingaskýrslum eða rangar upplýsingar um nýtingu æfingaaðstöðu eða ráðstöfun æfingátíma á annan hátt en kveðið er á um í þessum reglum getur leitt til skerðingar eða niðurfellingar á úthlutuðum tímum.

Óheimilt er að framselja eða framleigja úthlutuðum æfingátíma/um án samþykkis Íþróttaráðs.

Félögin verða að tilkynna tímanlega niðurfellingu á æfingum vegna móta og leikja, sérstaklega í íþróttamannvirkjum við skóla.

Fulltrúum Íþróttaráðs er heimilt að fylgjast með að notkun tíma sé í samræmi við æfingatöflu og skal þeim veittur ótakmarkaður aðgangur að mannvirkjum og upplýsingum um notkun þeirra.

7. gr.

Gjaldskrá og greiðslur.

Íþróttaráð Kópavogs ákveður gjaldskrá vegna þeirra íþróttamannvirkja sem ráðstafað er í samræmi við þessar reglur. Fyrir þau íþróttafélög sem uppfylla skilyrði sem fram koma í 2. gr. skal vera um reiknaða leigu að ræða. Á móti reiknaðri leigu kemur samhliða styrkur frá Íþróttaráði að sömu fjárhæð sem viðkomandi íþróttafélag skal færa sem styrk á móti reiknaðri leigu í sínum ársreikningum.

Íþróttaráð Kópavogs innheimtir leigu samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun sem er utan við úthlutanir samkvæmt reglum þessum, svokallaðir útleigutímar.

8. gr.

Almenn ákvæði.

Um undantekningar eða frávik frá þessum reglum þarf að sækja sérstaklega til Íþróttaráðs.

Íþróttadeild á menntasviði Kópavogsbæjar annast framkvæmd þessara reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til Íþróttaráðs Kópavogs.

Íþróttaráði Kópavogs er heimilt að uppfæra fylgiskjal 1 árlega ef þörf þykir.

Íþróttaráði Kópavogs er heimilt að uppfæra fylgiskjal 2 árlega með tilliti til breytinga í íþróttamannvirkjum í Kópavogi sbr. gr. 2.

Samþykkt af Íþróttaráði Kópavogs, 19.03.2015.

Samþykkt í bæjarráði Kópavogs, 26.03.2015



Reglur um úthlutun iðkenda/starfstyrkja til íþróttafélaga

1. Á hverju ári úthlutar íþróttaráð Kópavogsbæjar Starfsstyrkjum/Iðkendastyrkjum til íþróttafélaga í Kópavogi. Með umsókn félaganna skulu fylgja eftirtalin gögn:
 - a) *Útfyllt iðkendaskýrsla fyrir félagið/deildina staðfest af forsvarsmanni viðkomandi félags/deildar. Óskað er eftir sundurgreiningu eftir kyni og fæðingarári iðkenda.*
 - b) *Nafnalista fyrir hvern hóp/flokk. Staðfestur af forsvarsmanni félags/deildar og þjálfara eða forsvarsmanni hópsins/flokksins.*
 - c) *Félagaskrá þar sem iðkendur og aðrir félagsmenn eru skráðir*
 - d) *Ársskýrsla félagsins ásamt endurskoðuðum ársreikningum deilda.*
 - e) *Önnur gögn sem stjórnendur telja að geti gefið nánari upplýsingar en fyrrgreind gögn varðandi starfsemi félagsins/deildarinnar.*
2. Við úthlutun iðkendastyrkja eru aðeins innsendar umsóknir ásamt umbeðnum fylgigögnum styrkhæf. Ef gögn samkvæmt liðum 1, 2 eða 3 er ábótavant á einhvern hátt eða ef gögn berast eftir að skilafrestur er liðinn, þá getur það varðað missi á iðkendastyrk viðkomandi starfsárs. Mikilvægt er að öll fylgiskjöl séu vel útfyllt.
3. Fjöldi iðkenda í hverju félagi/deild skal ávalt miðaður við skráða iðkendur í mars/apríl á árinu sem styrknum er úthlutað.
4. Greiddur er styrkur fyrir alla iðkendur félags/deildar á aldrinum 6–19 ára.
5. Greiddur er einfaldur styrkur fyrir alla iðkendur sem eru á aldrinum 6-12 ára, en greiddur er þrefaldur styrkur fyrir iðkendur á aldrinum 13-19 ára. Þetta er gert til að hvetja félögin til að halda betur utan um iðkendur sem eru á brottfallsaldri.
6. Í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir hvert ár er ákveðið hver heildarúthlutun er til iðkendastyrkja. Upphæðin sem greidd er fyrir hvern iðkenda er miðuð við að deila með fjölda iðkenda í heildartöluna sem er til úthlutunar. Upphæðin sem greidd er á hvern iðkenda getur því verið breytileg milli ára og lækkað eða hækkað miðað við fjölgun/fækun iðkenda.



7. Greiddur er styrkur vegna allra iðkenda sem stunda íþróttir með félögum í Kópavogi, einnig fyrir þá iðkendur sem eiga lögheimili utan Kópavogs en stunda íþróttir með félagi í Kópavogi.
8. Þau félög sem stunda íþróttagreinar sem ekki er hægt að stunna í Kópavogi (s.s. skautaiþróttir) fá greiddan styrk fyrir þá iðkendur sem stunda æfingar með félaginu og eiga lögheimili í Kópavogi. Þetta gildir einnig um félög þar sem starfsemi nær yfir fleiri sveitarfélög s.s. ÍFR og Ösp.
9. Þegar um félög er að ræða sem starfar í tveimur bæjarfélögum svo sem Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar og Hestamanafélagið Sprettur, er greiddur fullur styrkur fyrir hvern iðkenda úr Kópavogi, hálfur styrkur fyrir iðkendur utan Kópavogs, en engin styrkur fyrir þá iðkendur sem búa í Garðabæ.
10. Styrkur er greiddur til félags/deildar þegar ársreikningi hefur verið skilað inn til íþróttadeildar. Reikningar fyrir barna- og unglíngastarf og meistaraflokksstarf skulu vera aðskildir þar sem það á við.

Íþróttaráð Kópavogs 2014



Reglur íþróttaráðs um sérstyrki

Reglur um úthlutun sérstyrkja íþróttaráðs.

1. Úr sjóðnum eru veittir sérstyrkir til íþróttamála (sbr. vinnureglur).
2. Íþróttafélög í Kópavogi geta sótt um sérstyrki til íþróttaráðs. Íþróttafélög sem bjóða upp á íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar í Kópavogi geta einnig sótt um styrk til íþróttaráðs vegna iðkenda sem **eiga lögheimili** í Kópavogi
3. Styrkjunum er úthlutað tvisvar á ári, í júní og desember og skulu skriflegar umsóknir berast **áður en auglýstur frestur rennur út.**
4. Íþróttafulltrúi skal svara öllum umsóknum fyrir hönd íþróttaráðs.

Vinnureglur íþróttaráðs vegna úthlutunar sérstyrkja

Íþróttaráð Kópavogs telur æskilegt að styrkja:

1. Þjálfara- og dómaranámskeið.
2. Þróunarverkefni á sviði íþróttamála.
3. Sérverkefni íþróttafélaganna.

Íþróttaráð Kópavogs 2014



Reglur um ferðastyrki íþróttaráðs

Reglur um úthlutun ferðastyrkja íþróttaráðs.

1. Ferðastyrkir vegna æfinga- og/eða keppnisferða eru veittir til íþróttafélaga í Kópavogi vegna iðkenda þeirra. Íþróttafélög sem bjóða upp á íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar í Kópavogi geta einnig sótt um styrk til íþróttaráðs vegna iðkenda sem **eiga lögheimili** í Kópavogi.
2. Umsókn um ferðastyrk fyrir iðkendur þarf að berast formlega til íþróttafélags, deild félags eða sérsambandi til íþróttafulltrúa. Styrkir eru ávallt greiddir að ferð lokinni gegn framvísun afrits af flugfarseðli/farseðlum.
3. Starfsmenn íþróttaráðs afgreiða ferðastyrki eftir því sem umsóknir berast að því gefnu að viðeigandi gögn fylgi umsókn. Því er hægt að senda inn umsóknir um ferðastyrki allan ársins hring.
4. Samkvæmt vinnureglum íþróttaráðs um ferðastyrki;
 - er styrkur kr. 5.000,- á iðkendur í æfinga- og keppnisferðir, óháð fjölda.
 - Hins vegar ef um er að ræða ferðir með landsliðsliðum eða ferð á Ólympíuleika og Smáþjóðaleika eða Heimsmeistara-, Evrópumeistara-, Norðurevrópumeistara-, og/eða Norðurlandameistaramót, er styrkur kr. 10.000,- á iðkenda, óháð fjölda.
 - Greiði sérsamband eða aðrir aðilar fyrir ferð viðkomandi félur styrkur frá íþróttaráði niður.
 - Íþróttaráð getur endurskoðað styrkuppþæðir á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun bæjarins.
5. Iðkandi getur fengið að hámarki greitt fyrir 3 ferðir á ári sé **ekki** um landsliðsferðir að ræða.
6. Ekki eru greiddir ferðastyrkir fyrir ferðir innanlands.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Vinnuregla íþróttaráðs varðandi afreks- og árangursstyrki samkvæmt eftirfarandi stuðlum

	A		B
	Viðmiðunarupphæð stuðull		
Íslandsmót í flokkaþrótt fleiri en 12 keppendur		400.000	200.000
Sigur í efstu deild í keppni í mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	a	1	200.000
Áframhaldandi sæti í efstu deild í keppni mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	b	0	0
Sigur í næst efstu deild í keppni í mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	c	0,25	50.000
Sigur í þriðju efstu deild í keppni í mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	d	0,1	20.000
Bikarmót í flokkaþróttum		1	200.000
Sigur í Bikarkeppni í keppni í mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	e	0,5	100.000
Að spila til úrslita í Bikarkeppni í mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	f	0,25	50.000
Að spila í 4ja-liða úrslitum í Bikarkeppni í mfl. karla og kvenna gefur stuðulinn	g	0,125	25.000
Íslandsmeistari í keppni í mfl. einstaklingsþrótt gefur stuðulinn	ei	0,025	5.000
Liðakeppni í einstaklingsþóttum - Bikarkeppni - sveitakeppni-		0,25	50.000
Sigur í efstu deild þar sem keppa fleiri en 12 keppendur gefur stuðulinn	ef	0,25	50.000
Sæti í efstu deild þar sem keppa fleiri en 12 keppendur gefur stuðulinn		0	0
Sigur í næst efstu deild þar sem keppa fleiri en 12 keppendur gefur stuðulinn	efn	0,125	25.000
Sigur í efstu deild þar sem keppa færri en 12 keppendur gefur stuðulinn	efn	0,025	5.000



Reglur um árangursstyrki íþróttaráðs

1. Íþróttaráð heiðrar sérstaklega deildir og/eða einstaklinga sem skarað hafa fram úr á hverju ári.
2. Í lok hvers árs er óskað eftir yfirliti frá hverri deild/félagi yfir eftirfarandi titla og/eða annan árangur:
Íslands-, bikar-, norðurlanda-, norðurevrópu-, evrópu-, ólympíu- og heimsmeistaratitla.
Íslands-, norðurlanda-, norðurevrópu-, evrópu-, ólympíu- og heimsmethafa.
Yfirlit þetta verður að staðfesta af stjórn deildar svo tekið verði tillit til þess.
3. Úthlutun árangursstyrkja er veitt úr Afrekssjóði íþróttaráðs og tekur mið af þeim fjármunum sem veitt er í Afrekssjóð í fjárhagsáætlun bæjarins ár hvert.
4. Árangursstyrkir eru reiknaðir út samkvæmt stuðlum í meðfylgjandi töflu. Íþróttaráð getur fyrir hverja úthlutun breytt stuðlum með tilliti til árangurs á árinu og þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar.
5. Árangursstyrkir eru eingöngu greiddir vegna árangurs sem næst í fullorðins- og/eða meistaraflokkum.



Afrekssjóður Íþróttaráðs Kópavogs



1. gr.

Sjóðurinn heitir AFREKSSJÓÐUR Íþróttaráðs Kópavogs og er stofnaður af Kópavogsbæ 1999. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjanesi.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- Að veita afreksíþróttafólki í hópíþróttum í íþróttafélögum í Kópavogi sem náð hefur afburðaárangri fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni.
- Að veita afreksíþróttafólki styrk sem á lögheimili í Kópavogi.
- Að veita styrki fyrir unnin afrek á árinu en undir það falla eftirfarandi titlar og met:
 - Titlar; Íslands-, bikar-, norðurlanda-, evrópu-, ólympíu- og heimsmeistarátitlar.
 - Met; Íslands-, norðurlanda-, evrópu-, ólympíu- og heimsmet.
 - Annar árangur.
- Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum jafnt kvæna sem karla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum íþróttaráðs. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga, og sjá um fjáröflun og kynningarstarfsemi sjóðsins. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

4. gr.

Viðmið styrkveitinga

Við styrkveitingar til afreksíþróttafólks skal taka mið af eftirfarandi:

- Árangri á innlendum og erlendum vettvangi.
- Markmiðum og áætlunum um æfingar og/eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis.
- Unnum titlum í íþróttum á árinu.

Nánari skilgreiningar á viðmiðum koma fram í viðauka með regulgerðinni.

5. gr.

Umsóknir um styrki

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári og skulu þær berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsóknir um styrki:

- Vegna einstaklinga skal umsókn vera í nafni viðkomandi íþróttamanns.
- Vegna hópíþróttu skulu umsóknir vera í nafni viðkomandi íþróttaflokks/-hóps.
- Umsóknir skulu vera staðfestar af formanni deildarinnar/félagsins.
- Umsækjendur skulu ekki vera yngri en 16 ára, nema viðkomandi sé í A-landsliði.

Með umsóknum skulu fylgja:

- I. Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins.
- II. Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- III. Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.
Stjórn Afrekssjóðs skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

6. gr.

Greiðsla styrkja

Greiðslur úr afreksmannasjóði eru annars vegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

- (a) Styrkir greiðast í tvennu lagi, helmingur þegar ákvörðun liggur fyrir og síðari hluti þegar styrktímabilið er hálfnað að fenginni greingargerð um nýtingu þess hluta sem þegar hefur verið greiddur. Vanræki styrkþegi þessa upplýsingaskyldu eða telji sjóðsstjórnin að styrkurinn hafi ekki verið nýttur í samræmi við framlagðar áætlanir er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða víkja frá frekari styrkveitingum
- (b) Viðurkenningar greiðast fyrir unnin afrek á liðnu keppnistímabili.
Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Skyldur styrkþega

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr afrekssjóði íþróttaráðs skulu hlíta þeim reglum sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

8. gr.

Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag úr bæjarsjóði Kópavogs samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

9. gr.

Gildistími

Reglugerðin er samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs 20. desember 1999 og skal endurskoðuð eigi síðar en árið 2016.